

Sorpa bs.  
Köllunarklettsvegi 1  
104 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2025  
UOS2503476/J.T.

## Afstaða Umhverfis- og orkustofnunar til undirbúnings fyrir endurnotkun í starfsemi Góða hirðisins

Umhverfis- og orkustofnun hefur borist fyrirspurn frá Sorpu bs. þar sem óskað er eftir afstöðu stofnunarinnar til þess hvort félaginu beri að sækja um ráðgefandi álit, í skilningi reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs, vegna undirbúnings fyrir endurnotkun á raftækjum í starfsstöð sinni, Góða hirðinum við Köllunarklettsveg.

Starfsemin felur í sér að yfirfara, skoða og gera við raftæki og aðra muni sem síðan eru settir á sölu í Góða hirðinum. Góði hirðirinn býr yfir mannafla með sérþekkingu á raftækjum sem getur yfirfarið, prófað og gert við raftæki á sambærilegan hátt og gengur og gerist á hinum almenna markaði. Framleiðendur raftækja gefa út leiðbeiningar um hvernig eigi að standa að yfirferð og viðgerðum á þeirra vörum sem Góði hirðirinn getur notast við í sinni yfirferð.

Undirbúningur fyrir endurnotkun er nauðsynleg aðgerð til innleiðingar á hringrásarhagkerfi og raftæki eru einn af þeim úrgangsflokkum sem hefur hvað mest umhverfisáhrif vegna þeirra fágætu efna sem í þeim eru. Markmið laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs eru meðal annars að ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna og dýra og að umhverfið verði ekki fyrir skaða, að úrgangsstjórnun sé markviss og hagkvæm og úrgangur sem fellur til fái viðeigandi meðhöndlun og að nýting hráefna úr úrgangi sem fellur til sé aukin.

Undirbúningur fyrir endurnotkun á raftækjum er vel til þess fallin að ná markmiðum laganna.

Í 6. grein reglugerðar 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs koma fram matsþættir sem Umhverfisstofnun, nú Umhverfis- og orkustofnun, skuli meðal annars taka miða af við gerð ráðgefandi álits. Stofnunin lítur svo á að Góði hirðirinn hafi með starfsemi sinni sýnt að markaður sé fyrir þær vörur sem seldar eru þar. Með því að gera við raftæki samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda má tryggja að endurnýtingaraðgerðin skili sambærilegri vöru þeirri sem er þegar á markaði. Raftæki sem fara í endurnotkun koma beint frá söfnunarstöð og í starfsleyfi Góða hirðisins ætti að vera kveðið á um að aðstæður séu fullnægjandi. Góði hirðirinn þurfi sjálfur að sjá til þess að vörur sem seldar eru uppfylli settar kröfur.

Þótt fyrirspurn Sorpu bs. snúi einkum að þeim hluta starfseminnar sem inniheldur endursölu á raftækjum, gildir hið sama um aðra úrgangs- og vöruflokka sem fara í undirbúning fyrir endurnotkun og síðar í endursölu í Góða hirðinum, svo sem húsgögn, fatnað, bækur og aðra lausamuni – ekki er þörf á útgáfu ráðgefandi álits fyrir þessar vörur að því gefnu að markmið reglugerðar nr. 1078/2015 séu uppfyllt. Sorpa bs. geti litið á þetta bréf sem ígildi ráðgefandi álits.

Umhverfis- og orkustofnun áskilur sér rétt til að endurskoða þessa afstöðu síðar ef upplýsingar berast sem geta breytt forsendum hennar.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson  
Teymi hringrásarhagkerfis

Sigurður Ingi Friðleifsson  
Sviðsstjóri sviðs orkuskipta og hringrásarhagkerfis